

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 30. nóvember 2021  
UST202110-255/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 og nýtt deiliskipulag - Þórisholt**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 og nýju deiliskipulagi fyrir Þórisholt.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina á nýtt 3,4 ha. verslunar- og þjónustusvæði og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að tillagan geri ráð fyrir tveimur einbýlishúsum, allt að 300 m<sup>2</sup> og 400 m<sup>2</sup> að stærð, níu húsum fyrir gisti – og ferðaþjónustustarfsemi, vélaskemmu, kæligeymslu, brugghúsi (áður gripahús), veitingasal (áður fjárhús), skemmu (áður hlaða), hóteli (áður fjós og hlaða), bílastæðum og fráveitumannvirkjum.

### **Aðalskipulagsbreyting**

Í greinargerð kemur fram að það sé stefna sveitarfélagsins sé að stuðla að og styðja vöxt ferðaþjónustu og því fjölga svæðum fyrir gisti – og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að sunnan við skipulagsvæðið er Dyrhólaós sem er á náttúruminjaskrá<sup>1</sup> en þar er mikið fuglalíf og í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Auk þess hefur verið unnin rannsókn<sup>2</sup> sem nefnist „*Fuglalíf við Dyrhólaós í Mýrdal*“ en þar segir að margir fuglar nota túnin og mýrarnar kringum ósinn til fæðuöflunar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhuguð breyting hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið, en mikilvægt sé að framtíðar uppbygging nærri ósnum valdi ekki álagi á vistkerfið.

### **Ásýnd**

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillaga hafa óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins þar sem fyrirhuguð uppbygging verður á núverandi bæjartorfu og margar af þeim byggingum sem eru til umfjöllunar eru nú til staðar og einungis verið að breyta starfsemi þeirra.

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

<sup>2</sup> [https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2021/01/Dyrholaos\\_skyrsla\\_loka.pdf](https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2021/01/Dyrholaos_skyrsla_loka.pdf)

**Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er -hreinsivirki- sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur